

S A M Þ Y K K T

fyrir Veiðifélag Önundarfjarðar.

1. gr.

Félagið heitir Veiðifélag Önundarfjarðar.

2. gr.

Félagið nær til allra jarða í innanverðum Önundarfirði milli Selabóls og Holts, að báðum meðtöldum, en þær eru: Selakirkjuból 1, Selakirkjuból 2—4, Neðri Breiðadalur 1, Neðri-Breiðadalur 2, Neðri-Breiðadalur 3, Neðri-Breiðadalur 4, Fremri-Breiðadalur, Ytri-Veðrará, Innri Veðrará, Tannanes, Kirkjuból í Korpudal, Kroppstaðir, Efstaból, Hestur, Ármúli, Neðri-Hesthús, Efri-Hesthús, Tunga, Hóll, Grund, Vífilsmýrar 1, Vífilsmýrar 2, Betanía, Mosvellir 1 og 2, Kirkjuból í Bjarnadal, Tröð, Vaðlar og Holt.

3. gr.

Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskigengd á félagssvæðinu og ráðstafa veiði þar. Félagið tekur til allrar veiði vatnafiska á félagssvæðinu.

4. gr.

Stjórn félagsins skipa 3 menn, formaður og tveir meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Ganga þeir úr stjórninni á víxl, í fyrstu eftir hlutkesti en síðan í þeirri röð, sem þeir voru kosnir og helzt svo sama röð áfram. Stjórnin kys sér formann. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu, nema sérstök forföll hamli, eða að hann hafi verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal tvo varamenn og tvo endurskoðendur til tveggja ára í senn, þannig að annar varamaðurinn og annar endurskoðandinn gangi út annað árið en hinir hitt árið.

5. gr.

Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum. Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu nema með sérstöku skriflegu leyfi félagsstjórnarinnar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

6. gr.

Aðalfund skal halda fyrir 16. maí ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta starfsári. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins, og úrskurðar fundurinn þá.

7. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagsskrá, fundargerðir og bréf.

8. gr.

Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.

9. gr.

Brot á samþykkt þessari varða sektum samkvæmt XVI. kafla laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði.

Samþykkt þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 18. júní 1971.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

A R Æ S K R Á

fyrir Veiðifélag Saurbæjarhrepps.

Veiðijarðir	Einingar
Litla-Holt og Stóra-Holt	55
Neðri-Brunná	28
Efri-Brunná	4
Máskelda	31
Hvoll	52
Neðri-Brekka	13
Fremri-Brekka	22
Bersatunga	27
Hvítidalur	125
Litli-Múli	6
Stóri-Múli	39
Þurranes	23
Lambanes	47
Staðarhóll	107
Mikligarður	17
Þverfell	54
Kjarlaksvellir	28
Þverdalur	24
Þjarnastaðir	14
Kverngrjót	54
Saurhóll	92
Tjaldanes	78
Belgsdalur	38
Ós	22

Einingar 1000

Arðskrá þessi staðfestist samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 18. júní 1971.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.